

Ársskýrsla Æskulýðsnefndar LH 2007 - 2008



Íslensku knaparnir á fyCUP í Brunnadern 2008

Æskulýðsnefnd Landssambandsins síðasta starfsár skipuðu Helga B. Helgadóttir formaður, Sigríður Birgisdóttir ritari, Sóley Margeirsdóttir, Þorvarður Helgason, Andrea Þorvaldsdóttir og Sigurvaldi Rafn Hafsteinsson, en þau tvö síðastnefndu gengu til liðs við nefndina á haustdögum 2006. Nefndin fundaði oft á tímabilinu, nokkuð oft en vanalega en það stýrðist af verkefnum tímabilsins sem nánari skil verða gerð hér að neðan.

FEIF fundur 2007

Formaður nefndarinnar sótti alþjóðaráðstefnu FEIF í febrúar sem haldin var í Glasgow ásamt Rosemarie Þorleifsdóttur sem sat fyrir hönd Íslands í FEIF Youth nefndinni. Þær sátu fund æskulýðsnefndarinnar þar sem farið var yfir skýrslur nefnda frá aðildarlöndunum, fjallað var um FYCup í Austurríki sem haldið var á síðasta ári, unglingskipti milli landa voru rædd og ungir knapar á HM ásamt öðrum málum. Fundargerð nefndarinnar má sjá á heimsíðu LH. Rosemarie hætti í nefndinni eftir margra ára setu fyrir Íslands hönd við góðan orðstír. Í stað hennar var Helga B. Helgadóttir kosin fyrir Íslands hönd.

Fundaherferð

Starfsár Æskulýðsnefndar 2007 hófst með miklum krafti á því að skipuleggja viðamikla fundarherferð um landið. Nefndin hefur farið í ferðir sem þessar reglulega, síðast 2005. Fundarstaðir voru sjö í þessari ferð; Egilsstaðir, Borgarnes, Hella, Akureyri, Sauðárkrókur, Þingeyri og Hafnarfjörður. Fyrsti fundur var haldinn í boði Freyfaxa á Egilsstöðum 11. mars og flugu þangað að morgni þau Sigríður, Þorri og Helga og til baka um kvöldið. Fundurinn var haldinn á Hótel Egilsstöðum og mættu nokkrir aðilar frá 3 hestamannafélögum á fundinn.

Fundirnir fóru allir þannig fram að byrjað var á að kynna starf nefndarinnar og síðan voru opnar umræður. Fundurinn var góður þó við hefðum viljað sjá fleiri gesti. Næst var fundað 17. mars á Þingeyri í boði Storms og fóru sömu nefndarmenn þangað í miklu vetrarveðri. Fundað var í Grunnskólanum og var vel mætt úr þeim tveim hestamannafélögum sem á svæðinu eru. Voru umræður góðar og afar gaman að sjá hvað félagar hestamannafélaganna eru virkir í æskulýðsstarfi þrátt fyrir erfiðar aðstæður á vetrum. Þó breyttist aðstaða Stormsmanna til muna um svipað leyti og við heimsóttum þá því ný reiðhöll var vígð á félagssvæði þeirra á Söndum. Í tilefni komu okkar var opið hús á sunnudeginum í reiðhöllinni og komu margir gestir að skoða höllina. Eins og áður sagði var mikið vetrarríki þessa helgi og urðum við veðurteppt því allt flug var fellt niður á sunnudeginum og snjóflóð höfðu fallið rétt við hesthúsin í Hnífsdal og á Ísafirði. Þriðji fundurinn var haldinn 21. mars í Borgarnesi í boði Skugga og fóru á þann fund Andrea, Sóley, Þorri og Helga. Þrátt fyrir hávaðarok var nokkur vel mætt á fundinn. Á þeim fundi kom fram sú hugmynd að halda mót hér á landi í anda FEIF Youth Cup þar sem farið yrði stíft eftir FIPO reglum. Fjórði fundurinn var haldinn 24. mars á Akureyri og þar voru með kynningu Andrea og Helga á nokkuð fjölmönnum fundi sem haldinn var í Skeifunni, félagsheimili Léttismanna. Daginn eftir var fimmti fundurinn haldinn á Sauðárkróki í boði Léttfeta og mættu þar einnig nokkuð margir. Þar var nokkuð rætt um námskeið og kennslu enda búa Skagfirðingar vel í þeim málum við nálægð Hólaskóla. Sjötti fundurinn var haldinn í boði Geysismanna á Hellu í aftakaveðri og héldum við að enginn færi út í þetta foráttu veður en það var vel mætt. Nefndarmenn sem fóru á þann fund voru Sigríður, Sóley, Þorri og Helga. Á sjöunda og síðasta fundinn í þessari fundarherferð fóru Þorri, Sóley og Helga var hann haldinn hjá Sörla í Hafnarfirði þann 29. mars fyrir fulltrúa félagana á stórhöfuðborgarsvæðinu. Þar var ágætlega mætt og mikið spjallað og spurt. Ósk kom fram um að nefndin tæki afstöðu og birti á heimasíðu sinni varðandi verðlaun í pollaflokkum. Samkvæmt reglum ÍSÍ er ekki ætlast til að börnum yngri en 10 ára sé raðað í sæti heldur fái allir þátttökupening. Nefndin var ánægð með fundarherferðina og teljum við að tilgangur okkar að efla tengsl við æskulýðsfulltrúa á landsbyggðinni hafi náðst.

Litabók íslenska hestsins

Í nokkur ár hefur fyrrum formaður Landssambandsins, Jón Albert Sigurbjörnsson, gengið með þá hugmynd í maganum að gefa út litabók um íslenska hestsins til kynningar fyrir yngri aldurshópana. Þessari hugmynd tókst að koma í framkvæmd og á árlegri ráðstefnu FEIF í febrúar 2007 afhenti Jón Albert litabókina til Anne Svanteson formanns æskulýðsnefndar FEIF til útbreyðslu á bókinni í aðildarlöndum FEIF. Verkefni okkar var síðan að dreifa henni á Íslandi og var það gert í fundarherferðinni og víðar.

Æskulýðsdagur Glitnis

Í samstarfssamningi Glitnis og LH er ákvæði um að æskulýðsnefndin skuli í samvinnu við Glitni aðstoða við undirbúning æskulýðsdags um allt land. Því var ákveðið að skipuleggja Æskulýðsdag Glitnis þann 17. maí 2007 og þar sem hann var haldinn tókst hann vel. Ekki var við því að búast að öll félög á landinu tækju þátt í honum, víða er dagskráin þétt setin og erfitt að bæta við hana. Það er von okkar að einhvers konar atburður í nafni æskunnar og Glitnis verði haldin í framtíðinni.



Kátir krakkar í Svíþjóð

FEIF Youth Camp

Í júlí 2007 var FYCamp haldið rétt sunnan við Stokkhólm í Svíþjóð, á Fors Gård búgarði Ylva Hagander, fyrirlíða sænska hestalandslíðsins. Þátttakendur gistu í Berga landbúnaðarskólanum sem var stutt frá. Í upphafi mátti Ísland senda 2 fulltrúa og komu 8 umsóknir. Það fór þó svo að við máttum senda sex fulltrúa því ekki nýttu öll aðildarlöndin sér réttinn og fóru 5 stelpur og 1 strákur frá Íslandi. Þau voru Brynjar Árni Smárason úr Fákí, Elín Birta Baldvinsdóttir úr Funa, Hafdís Línadal úr Neista, Hildigunnur Sigurðardóttir úr Létti, Hekla Dögg og Klara Sif Ásmundsdætur úr Geysi. Fararstjóri var Helga B. Helgadóttir. Alls voru 47 ungmenni sem tóku þátt í Campinum frá 12 löndum. Mótið var vel skipulagt og meðal þess sem boðið var uppá var dagsferð til eyjar sem heitir Udö en þar er gamall námabær frá víkingatímum. Þar léku krakkarnir sér í sjónum, borðuðu nesti og fengu leiðsögn um eyjuna. Einnig var farið í Skansen sem var mikil upplifun fyrir krakkana og voru íslensku krakkarnir að sjá framandi dýr í fyrsta sinn, s.s. eðlur, Tarantúlu kónguló, górállur og hreysiketti. Um kvöldið var farið á pizzustað í nágrenninu og þar fengu þeir sem vildu að spreyta sig í karókí. Á þriðja degi var þátttakendum skipt í 5 hópa og fengu þau reiðkennslu daglega hjá Marie Carlson sem er aðalreiðkennari Fors Gård. Þau voru í kennslu og alls kyns fræðslu í 4 daga og er óhætt að segja að þau lærðu mikið hjá henni. Á Fors Gård eru einnig ræktaðir Falabellan hestar sem eru heimsins minnstu hestar og Lusitano hestar sem koma frá Portugal, ásamt íslenska hestinum og var sett upp sýning fyrir okkur á Lusitano þar sem hestarnir sýndu ýmsar listir og var sýningin mjög áhugaverð. Það voru ánægðir unglingar sem komu heim eftir viku ævintýri í Svíþjóð, full af minningum og fróðleik.

Ráðstefna æskulýðsfulltrúa

Ráðstefna fyrir æskulýðsfulltrúa hestamannafélganna var haldin í húskynnum ÍSÍ að Engjateigi 6, laugardaginn 6. okt. 2007. Æskulýðsnefnd LH sá um undirbúning ráðstefnunnar og var tveimur fulltrúum frá hverju hestamannafélagi á landinu boðið að sitja hana. Mæting var góð og alls mættu 38 fulltrúar frá 20 félögum, að auki sátu ráðstefnuna nokkrir gestir. Aðalmarkmið ráðstefnunnar var að safna efni í handbók fyrir æskulýðsfulltrúa sem til stendur að birta á heimasíðu nefndarinnar. Einnig fluttu fyrirlesarar áhugaverð erindi. Í upphafi kynnti Helga B. Helgadóttir hlutverk og framtíðarsýn nefndarinnar. Helga sagði frá hvaða verkefnum nefndin hefði sinnt sl. starfsár, hvað væri framundan og hvaða væntingar væru til ráðstefnunnar.

Sigrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri LH fjallaði í stuttu máli um Fyrirmyndarfélag ÍSí og hvernig félög geta hlotið þann titil. Aðilar frá félögum sem orðið hafa fyrirmyndarfélög svöruðu spurningum ráðstefnugesta og kom þar fram að það er nokkur vinna að baki fyrirmyndarfélaginu en ávinningurinn er vel skipulagt starf. Á vef æskulýðsnefndar er handbók fyrirmyndarfélagsins.

Haraldur Þórarinsson formaður LH fjallaði um menntamál innan LH sem eru í undirbúningi. Nokkur umræða spannst um þessi mál og svaraði Haraldur spurningum. Ljóst er að það vantar samfellu í hestanáms í grunn- og framhaldsskólum.

Viðar Halldórsson lektor við Háskólann í Reykjavík kynnti athyglisverðar niðurstöður úr rannsóknum sem hann hefur gert á hlutverki foreldra í íþróttum barna og unglinga. Þar kom fram að of mikill þrýstingur frá foreldrum hefur neikvæð áhrif á árangur þeirra í keppni en mátulegur stuðningur hefur hvetjandi áhrif. Rannsóknir á afreksmönnum á Íslandi sýndu að engin þeirra hafði fundið fyrir of miklum þrýstingi frá foreldrum sínum, þeirra árangur náðist af ástríðu þeirra á íþróttinni sem er nægileg hvatning til að ná sem bestum árangri. Hlutverk foreldra er fyrst og fremst að sýna stuðning og láta þjálfara um þjálfunina og dómara um dómgæsluna. Viðar sagði að ekki mætti gleyma gleðinni í íþróttinni og ekki mætti einblína um of á sigra. Sá ávinningur sem ekki síður er mikilvægur er að þau börn sem stunda íþróttir eru félagslega og líkamlega sterkari, hafa minni sálræna kvilla, ánetjast síður fíkniefnum og eru virkari einstaklingar. Viðar skyldi okkur eftir með spurninguna „Hvað merkir að ná árangri?“ sem vakti marga til umhugsunar.

Í framhaldi af fyrirlestri Viðars kom Einar Ragnarsson dómari og ræddi stuttlega um hegðun forráðamanna barna og unglinga við keppnisvöllinn. Hann sagði þá hegðun ekki til fyrirmyndar oft á tíðum og benti hann á að skv. FIPO reglum er skýrt að ávíta má keppenda ef truflun er frá aðstandendum sem eru utan vallar. Þessu ákvæði hefur ekki mikið verið beitt hér á landi en þekkist erlendis. Nokkrar umræður voru meðal ráðstefnugesta um notkun þessara ákvæða og fannst sumum að dómara ættu að beita þessu meira en gert er. Ljóst er þó að ef fara á eftir þeim reglum sem við höfum samþykkt, þarf að koma til samvinna milli dómarafélaganna, æskulýðsnefndanna og hestamannafélaganna almennt.

Eftir hádegishlé var gestum skipt í vinnuhópa þar sem lagðar voru fram nokkrar spurningar sem hóparnir unnu útfrá. Þar voru m.a. spurningarnar; hvað fólk vildi sjá í handbók æskulýðsfulltrúa, brýnasta verkefnið, hlutverk æskulýðsfulltrúa og fleira sem æskulýðsnefndin mun vinna úr og kynna síðar. Hóparnir kynntu síðan niðurstöðurnar og má segja að margt afar fróðlegt kom þar fram. Margar góðar hugmyndir kviknuðu og verður það verðugt verkefni nefndarinnar að vinna úr þeim punktum og koma saman í handbók.

Í lokin fór Rosemarie B. Þorleifsdóttir yfir störf sín að æskulýðsmálum sem spanna áratugi og kynnti einnig upphaf samstarfsins við FEIF. Hún hefur setið í æskulýðsnefnd FEIF í mörg ár en lét af því embætti fyrir á þessu ári. Æskulýðsnefnd LH heiðraði Rosemarie fyrir vel unnin störf að æskulýðsmálum til margra ára.

Ráðstefnan tókst í alla staði mjög vel og var mikil ánægja með framtakið hjá ráðstefnugestum. Það kom fram í máli ráðstefnugesta að þörf væri á að halda svona ráðstefnur eða fundi árlega til að efla tengsl æskulýðfulltrúa um allt land.

FEIF ráðstefna 2008

Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Reykjavík og sátu fund æskulýðsnefndar 9 aðilar erlendis frá auk þriggja nefndarmanna úr æskulýðsnefnd LH. Á þeim fundi var í fyrstu farið yfir skýrslur æskulýðsnefnda aðildarlandanna, síðan kynntu Anne Svanteson formaður æskulýðsnefndar FEIF og Corinne Schmid æskulýðsfulltrúi Sviss undirbúning fyrir FEIF Youth Cup í Brunnadern í Sviss. Þar hefur undirbúningur gengið vel, meðal annars búið að setja upp nýjan hringvöll vegna heimsmeistaramótsins og verður hann vígður þegar FYCup fer fram. Þá fór Tanya Zabel æskulýðsfulltrúi Svíþjóðar yfir skýrslu frá FYCamp í Svíþjóð sem tókst mjög vel. Næst var tekið fyrir málefni sem einnig var fjallað um á síðustu ráðstefnu um alþjóðlegt ungmennamót. Skipuð var nefnd til að fjalla um það mál en ekkert hefur komið frá henni og henni falið að halda áfram með málið og skila skýrslu um málið. Litabókin íslenska var næsta umfjöllunarmál fundarins og er ánægja með hana í þeim löndum þar sem hún hefur verið kynnt og hefur hún verið ýmist gefin eða seld. Fram kom að æskulýðsfulltrúar hafi hugmyndir um að koma henni í frekari dreifingu, ýmist á prenti eða á vefnum. Næst kom á fundinn Machteld van Dierendonck frá Hollandi og talaði hún um velferð hesta sem var einmitt yfirskrift ráðstefnunnar. Hún talaði m.a. um þjálfun og hegðun hesta og hvernig við getum sett velferð hestsins í fyrsta sæti. Þá var tekið fyrir unglingskipti eða sumarþingur sem nefndin hefur í huga. Að lokum fór fram kosning í nefndina. Peter Niess og Lone Høst Jensen hafa ekki gefið kost á sér áfram og voru þær Julia Reeves frá Englandi og Sari Lane frá Finnlandi kosnar í þeirra stað. Nánari fundargerð má sjá á heimasíðu FEIF.

Handbók Æskulýðsnefndar LH

Það var í framhaldi af ráðstefnu æskulýðsmála sem nefndin fór í það verkefni að útbúa handbók fyrir æskulýðsfulltrúa. Hún leit dagsins ljós í ársbyrjun 2008 og er vistuð á vef Landssambandsins undir Æskulýðsnefnd LH - undir Fróðleikur. Bókinni er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir alla þá sem vinna að æskulýðsmálum félaganna. Í henni geta æskulýðsfulltrúar, nýir og gamlir, náð sér í allar þær upplýsingar er hjálpað gætu þeim í starfi þeirra, svo sem hugmyndir að dagskrá og hvar hægt er að fá upplýsingar vegna starfsins.

Ákveðið var að vinna handbókina þannig að hún væri birt á heimasíðu LH, en ekki gefin út á prenti því þannig væri hún virk og hægt að uppfæra hana eftir þörfum. Allt starf æskulýðsnefnda hestamannafélaganna hér á landi byggist á sjálfbóðaliðastarfi nefndarmanna. Það er því sýnt að ef starf á að vera mikið og öflugt þá er það jafnframt mikið álag á það fólk sem í æskulýðsnefndum starfa. Því er nauðsynlegt að nýir fulltrúar geti náð samfellu í félagsstarfið og séu ekki eilíft að finna upp hjólið á ný. Það er von nefndarinnar að við höfum náð að koma þeim hugmyndum sem fram komu á ráðstefnunni í þessa handbók og að hún verði þeim sem lesa hana til gagns og eflingar öllu æskulýðsstarfi.

Youth Cup 2008

Dagana 12. – 20. júlí hélt æskulýðsnefnd FEIF, Youth Cup í Brunnadern í Sviss á sama stað og HM verður haldið 2009. Það eru 72 þátttakendur sem eiga sæti á þessu móti frá aðildarfélögum FEIF. Það má segja að fyrirætlun æskulýðsnefndar LH um að efla áhuga á Youth Cup á Íslandi sé að takast því alltaf fjölgar umsóknum. Einhver deyfð hefur verið í umsóknum undanfarin ár, en í ár sóttu 16 unglingar um og þar sem Ísland fékk eitt aukapláss gátum við sent 9 knapa. Með þeim í för til Sviss voru þau Sigríður Birgisdóttir og Helga B. Helgadóttir sem fóru sem fararstjórar, Andrea M. Þorvaldsdóttir sem fór sem liðsstjóri og

Helgi Leifur Sigmarsson fór sem þjálfari. Unglingarnir sem valin voru sem keppendur fyrir Íslands hönd voru Ástríður Magnúsdóttir úr Stíganda, Bryndís Sigríksdóttir úr Geysi, Karen Hrönn Vatnsdal úr Þjálfá, Hanna Rún Ingibergsdóttir úr Sörla, María Gyða Pétursdóttir úr Herði, Stefanía Á. Árnadóttir úr Létti, Erla Katrín Jónsdóttir, Hrafn Hlíðdal Þorvaldsson og Úndína Ýr Þorgrímsdóttir úr Fáki. Hópurinn flaug fyrst til Kaupmannahafnar og þaðan til Zurich og tóku svo lest til St. Gallen og þaðan til Brunnadern og tók ferðalagið tólf klukkustundir. Krakkarnir fengu lánaða hesta á staðnum og nutu þau þar dyggjar aðstoðar Helga Leifs, en hann þekkir vel til í Sviss og kann nefndin honum bestu þakkir fyrir alla aðstoðina. Það er óvíst að við værum enn komin heim til Íslands ef við hefðum ekki haft hann með í för þegar við hlupum á milli járnbrautarlestanna.

Krakkarnir voru í reiðkennslu fyrstu þrjá dagana og nutu leiðsagnar hjá Johannes Hoyos, Vicky Eggertsson, Martin Heller, Uschy Heller-Voigt, Margit Rusterholdz og Helga Leifs Sigmarssonar. Á fjórða degi var frjáls dagur og fór hópurinn í skemmti- og skoðunarferð til Jakobsbad sem er vinsæll afþreyingarstaður, en þar er skemmtigarður með leiktækjum og þrautabrautum. Hægt var að fara með kláf upp á topp Kronbergfjallsins í 1660 m hæð og fór hópurinn þangað og snæddi hádegisverð og gátu þeir sem vildu gengið niður fjallið, en hinir fóru til baka með kláfnum. Skemmtu þátttakendur sér einstaklega vel á þessum fallega stað. Á fimmtudegi til laugardags fór sjálf keppnin fram og náðu íslensku krakkarnir ágætis árangri og röðuðu sér í verðlaunasæti í flestum greinum sem þau tóku þátt. Besta árangrinum náði Hanna Rún Ingibergsdóttir sem varð í fyrsta sæti í T7 eftir að hafa háð bráðabana við Ástríði Magnúsdóttir. Hanna Rún kom því heim með Tölthornið sem Ísland gaf á sínum tíma. Til gamans má geta þess að við áttum 4 knapa af 5 í þessum A-úrslitum. Ástríður Magnúsdóttir var tilnefnd af Evu Mariu Gerlack sem ein af fimm efnilegustu knöpum mótsins og fengu þau sem tilnefnd voru einnig aðgöngumiða á HM 2009. Að auki hlaut Ástríður verðlaunin Feather Prize sem stjórn FEIF afhendir árlega og segir um þessi verðlaun á heimasíðu FEIF að tilgangurinn með þeim sé að efla góða reiðmennsku og góða hestamennsku, virðing til fjaðrandi léttrar reiðmennsku. Þeir sem áður hafa hlotið þessi verðlaun á heimsmeistaramóti eru m.a. Lena Trappe, Stian Petersen og Þorvaldur Árni Þorvaldsson. Ástríður er sannarlega vel að þessum viðurkenningum komin, fyrirmyndarknapi hér á ferð en krakkarnir stóðu sig öll vel og voru landi og þjóð til sóma, bæði í reiðmennsku og framkomu.

Framundan

Á starfsárinu sem nú er framundan mun nefndin fara í fundarherferð sem verður með svipuðu sniði og sú sem farin var snemma árs 2007. Næsta sumar verður FYCamp haldið í Bandaríkjunum, líklega aðra eða þriðju viku júlímánaðar. Æskulýðsfulltrúar eru hvattir til að fylgjast með þegar auglýst verður eftir umsóknum sem birtar verða á heimasíðu æskulýðsnefndar og einnig sendar í tölvupósti. Nefndin hefur einnig verið að vinna með stjórninni um hvernig Landssambandið getur stutt við æskulýðsstarfið í landinu. Ráðstefnugestir á ráðstefnu æskulýðsmála lögðu til að reglulega yrði haldin slík ráðstefna og er það hugmynd að skipuleggja hana á haustdögum 2009.

Umræðan um stuðning við börn og unglunga sem ekki hafa bakland í hestamennsku verður sífellt öflugri og er það eitt af verkefnum okkar á næstunni að finna leiðir fyrir félögin að koma að slíku. Mörg félög eru ekki fjárhagslega í stakk búin til að leggja fé í verkefnið og er afar misjafnt hvernig sveitarfélögin koma að þeim málum.

Æskulýðsbikar LH

Æskulýðsbikar LH sem gefinn var af HÍS árið 1996 hefur síðan árlega verið veittur því hestamannafélagi sem þykir hafa skarað framúr í æskulýðsmálum á tilteknu starfsári.

Við val á handhafa æskulýðsbikars LH er horft til þess fjölbreytta starfs sem félögin hafa í boði fyrir börn, unglinga og ungmenni í sínu félagi. Ljóst er að mikið og gott starf á sviði æskulýðsmála er unnið hjá þeim félögum sem sendu inn skýrslur og ánægjulegt að sjá hversu mikill metnaður er í starfinu. Margar skýrslurnar eru faglega unnar og á skilmerkilegan hátt sagt frá því hvað er um að vera í félaginu fyrir æskuna.

Valið var erfitt árið 2007 því eins og áður sagði mikið og fjölbreytt starf í félögum. Það voru þó 4 skýrslur sem stóðu uppúr að okkar mati, það voru skýrslur frá hestamannafélögum Dreyra, Mána, Smára og Þyt.

Niðurstaða valsins var sú að Æskulýðsnefnd LH leggur til að hestamannafélagið Máni í Keflavík hljóti Æskulýðsbikar LH fyrir árið 2007 fyrir metnaðarfullt starf og fjölbreytta dagskrá í æskulýðsmálum. Æskulýðsbikarinn var afhentur á formannafundi sem haldinn var 9. nóvember 2007.

Þau félög sem hafa verið handhafar bikarsins síðan eru:

1996 Léttir
1997 Gustur
1998 Sörli
1999 Hörður
2000 Freyfaxi
2001 Máni
2002 Smári
2003 Fákur
2004 Blær
2005 Andvari
2006 Léttir
2007 Máni
2008